

Á rölti í kring um Sauðadalahnúka

Í dag skulum við bregða okkur inn í Jósefsdal og ganga í kring um Sauðadalahnúka, sem eru gegnt Vífilfellinu að austanverðu. Er við höfum Lækjarbotna, Fóelluvötn og Sandskeið að baki, hækkar landið skyndilega og nokkrar brekkur eru framundan. Þetta eru Bolaöldurnar, sem eru norðvestan við Svínahraunið. Vegurinn skásker brekkurnar og brátt erum við komin að Litlu kaffistofunni, sem stendur við mót gamla og nýja vegarins yfir Svínahraun. Bolaöldurnar bera nafn af því, að fyrir á tímum gengu geldneyti, fullorðin naut og kálfar, laus á Hellisheiði og nágrenni að sumarlagi. Voru mörg þeirra mannýg, hrelldu ferðamenn og aðra vegfarendur, sem hér áttu leið um, ekki síst þegar sumri tók að halla. Lágu þau þá oft á grasflötunum á þessum hæðum, og af því er nafnið komið.

Frá Kaffistofunni höldum við til vinstri eftir afleggjaranum að Jósefsdal, en hann er á bak við skarðið milli Vífilsfells að norðan og Sauðadalahnúka að sunnan. Við öikum eftir afleggjaranum allt að brottustu brekkunni fyrir neðan skarðið. Þar við brekkufótinn skulum við skilja við bílinn eftir og ganga götuna upp í skarðið, þetta gerum við vegna þess, að bíllinn liggur betur við, þegar við komum til baka.

Úr skarðinu sjáum við svo inn í Jósefsdalinn. Hann er luktur fjöllum á alla vegu. Snarbrattar, gróðurlausar skriður ganga allt upp til efstu brúna en grænar grundir hylja dalbotninn. Ekki er vitað um búsetu manna í þessum dal svo skjalfest sé, en ef marka skal þjóðsöguna um Jósef þá hefur staðið þar býli. En það fór illa fyrir Jósef. Hann var smiður góður og allt lék í höndum hans, en sá ljóður var á hans ráði að hann var hverjum manni orðljótari. Einhverju sinni stóð hann í smiðju sinni. Eitthvað fór úrskeiðis hjá honum, því hann tvinnaði svo heiftarlega saman blóti og formælingum að bærinn sökk í jörð niður með manni og mús. Síðan hefur enginn búið í dalnum. Við höldum inn í dalinn. Við götuna er stór steinn. Fyrir ævalöngu hefur hann oltið ofan frá brúnum Sauðadalahnúks og hafnað hér. Er hann kallaður Grettistak. Sú hugsun hvarflar að manni hvort steinninn hafi oltið í hamförunum, sem urðu, þegar bærinn hans Jósefs sökk forðum.

Hér fær maður það á tilfinninguna, að vera staddur ofan í risapotti. Vífilfellið er á hægri hlið, þá taka Bláfjöllin við fyrir botni dalsins. Síðan koma Ólafsskarðshnúkar, Ólafsskarðið og fyrir ofan okkur, til vinstri eru Sauðadalahnúkar. Þá er hringnum lokað.

Á hól nálægt miðju dalsins stendur bygging. Þetta er skíðaskáli Ármanns, sem var þekktur meðal skíðafólks hér fyrir á árum og margir eiga þaðan hugljúfar minningar. En nú grotnar skálinn niður, því aðstæðlur hafa breyst hin síðari ár, og húsið sem fyrrum ómaði af gleði og lífi er orðið eyðingunni að bráð.

Við gefum okkur tíma til að litast um í dalnum, en síðan göngum við upp í Ólafsskarð. Skarðið heitir eftir Ólafi bryta í Skálholti, sem hér átti leið um trylltur af töfrum ráðskonunnar á staðnum, eins og frá er greint í Þjóðsögum Jóns Árnasonar. Brekkan upp í skarðið er allbrött og hefur trúlega reynst mörgum klyfjahestinum erfiður áfangi, en fyrrum lá alfaraleið um Jósefsdal og upp í Ólafsskarð, þegar farið var frá Dyravegi í Selvog. Var þá haldið suður með Ólafsskarðshnúkum, um Leiti, Geitafell og þaðan til byggða. Þar sem þetta landssvæði er svo þakið hraunum urðu menn að krækja fyrir þau eftir því sem unnt var og velja þá leiðir sem hentuðu hestunum sem best.

Úr Ólafsskarði blasa við hraunin sem runnu frá eldborgunum tveimur. Þær eru taldar vera frá því um eða fyrir landnám, en elsta hraunið, sem liggur undir þeim, er

komið frá gígnum Leiti, sem er nokkru sunnan austan undir Bláfjöllum. Talið er að þar hafi gosið fyrir um það bil 4600 árum. Það hraun rann m.s. norður fyrir Sauðadalahnúka og síðan beint til sjávar í Elliárvog. Vegurinn frá Reykjavík liggur ofan á þessu hrauni á löngum köflum.

Frá skarðinu liggur leiðin út á hraunið og að syðri eldborginni. Þetta er ekki löng leið, en hraunið er seinlegt yfirferðar og svo er brekkan upp á gígbarminn allbrött. En allt hefst þetta að lokum og gígurinn sjálfur er þess verður að berja hann augum. Mosinn í gígnum er dúnmjúkur og hið besta sæti. Gott að hvíla þar lúin bein. Ef tíminn er nægur, er sjálfsagt að ganga á nyrðri eldborgina, því krókurinn er ekki stór. Frá þessari eldborg liggur stór og myndarleg hrauntröð, sem nær næstum því að þjóðveginum.

Eftir að hafa skoðað eldborgirnar tvær og gengið spölkorn eftir hrauntröðinni höldum við í áttina að Sauðadalahnúkunum og göngum um skarðið milli þeirra. Þar eru götuslóðar, sem vísa kkur leiðina niður á veg, þar sem bíllinn bíður.

Í þessari ferð höfum við nær eingöngu haldið okkur á jafnsléttu, en ekkert auðveldara en nota tækifærið og skreppa upp á Ólafskarðs- eða Sauðadalahnúka. Af þeim er víðsýnt og sá krókur borgar sig vel.

(Mbl. 19. júní 1980)